

2. janúar er **skipulagsdagur**. Þá er leikskólinn er lokaður og börnin koma ekki.

6. janúar er fyrsti **Regnbogadagurinn**. Regnbogadagur verður á föstudögum milli 10 og 11:30. Regnbogadagur er þannig að eldri deildarnar (Hlynskógar, Kirsuberjadalur og Sólbakki) blandast saman í vali eða öðrum verkefnum eftir aldri (árgangur saman). Eldri börnin fara nokkrum sinnum fram á vorið í matreiðslu og í stafahóp. Hvor árgangurinn um sig færast á milli deilda viku eftir viku þannig að börnin kynnst öðrum börnum á sama aldri, öllum deildum og kennurum. Þessi dagur hefur vakið mikla lukku hjá börnunum, sérstaklega hjá elstu börnunum. Megintilgangur Regnbogadagsins er að jafnaldrar kynnist og þekki hvert annað óháð því á hvaða deild þau eru, það mun styðja þau þegar þau ljúka námi hér og byrja í grunnskóla, gera þau félagslega sterkari.

10. janúar kemur 1. bekkur beggja grunnskólanna í heimsókn.

11. janúar er **hvítur dagur**, þá klæðumst við einhverju hvítu og það verður sameiginleg söngstund eldri deilda.

20. janúar er **bóndakaffi** kl 14:30-15:30. Þá eru feður, afar og bræður velkomnir í heimsókn.

Samkvæmt skipulögðu samstarfi leik- og grunnskóla Árborgar er komið að því að **elsti árgangurinn fari í heimsókn í grunnskólana**. Allur árgangurinn fer í heimsókn í báða grunnskólana. Nánari dagsetningar koma síðar.

Afmælisbarn mánaðarins:

Ingibjörg Anna 6 ára 18. janúar

